

Fundur 8.4.2024 Astrid, Norsk kona frá Trömsö.

Komið þið blessuð og sæl.

Góða kvöldið.

Það er gaman að komast í sambandið, finnst mér æfinlega gott að koma í þessa stöð okkar og tala til þeirra sem fjarstaddir eru og er það ekki svo oft sem okkur tekst að komast í samband við (framlífs), frumlífs hnetti og er þetta því í fyrsta skipti sem við tölum við fólk á frumlífs jörðinni okkar.

Og frændur okkar og ættingja að auki, fjarskylda og hefði ég áreiðanlega heimsótt land ykkar, hefði mér veist það auðvelt á sínum tíma, en úr því varð ekki.

En hef ég hinsvegar í framlífi lært þeim mun meira um forfeðurna og tengslin á milli þjóðanna, og eru hér jafnvel nokkrir af, tengingar við Ísland ýmsar.

Já þetta er í fyrsta skipti sem ég tala til ykkar og finnst mér erfiðast að brjóta ísinn og komast þar í,

Get ég ekki talað lengi, ég beið eftir að komast að, en það voru aðrir á undan mér.

Ég hef lært Íslenskuna nokkuð vel og tala ég hér á nýjum hnetti, þá útgáfu á máli okkar sem er ögn nær ykkar máli, en algengasta málið í okkar landi á jörðinni, en er það þó málýska sem ekki er þó ekki alveg skiljanleg þeim Íslendingum sem tala ekki reiprennandi okkar tungumál og heldur ekki öll orðin skiljanleg okkar fólk á ykkar jörð.

En er það þó ánægjulegt að þróa þannig tungumálið að beyingar og orðaforði verði nær því sem Guðirnir vllja.

Og taka framförum í þjóðfélaginu á allan hátt.

Er það ósk mín að heimaland mitt muni njóta sömu spádóma og ykkar land, en það mun ekki takast nema spádómar þeir fari að rætast til góðs sem tengjast ykkar landi og ef samlandar mínir á gömlu jörðinni ykkar fari að átta sig og endurheimta gömlu tengslin á milli landanna.

Hef ég að undanfögnu notið breytinga í persónulegu lífi mínu, þar sem ég hef aftur tekið upp samband við eiginmann minn, þann af jörðinn þar sem er nýkominn til okkar og hafa bættst okkar samskipti.

Og hef ég einnig sinnt hér miklum verkefnum, þjóðfélagslegum verkefnum sem tengjast nýkomnum Norðmönnum, er ég Norsk kona Astrid.

Vertu velkomin.

Takk fyrir.

Er það mikið samfélagslegt verkefni í mínum bæ, sem ég er að sinna og margir aðrir, en það er nú svo komið fyrir mörgum á þessum hnetti að hin kristna stefna er öflug eins og í okkar heimalandi og erum við að kynna fornu heiðnu trúna og koma henni á og er það nokkur áskorun og mætti ýmisleg frá því segja.

En margskonar blessun og frjósemi hefur fylgt okkur heiðna fólkinu og hef ég hér verið í nokkra áratugi og hef ég sinnt starfi mínu af kostgæfni.

Og höfum við bent kristna fólkinu á það hvaða kostir fylgja því að vera heiðin, en þau koma með mótrök og er það hin merkilegasta saga, en sumstaðar á okkar hnetti eru menn búnir að gefa kristnina að mestu upp á bátinn.

Þekki ég sjómanns lífið að eigin raun og var eiginmaður minn sjómaður og veit ég að Íslendingar sinna þeirri starfsgrein sömuleiðis.

Frá Trömsö.

Þakka ég fyrir mig, verð ég nú að kveðja ykkur og vona að ég komist síðar, verið þið sæl og gleður mig að hafa komist í sambandið, verið þið sæl.

Þakka þér fyrir að koma og vertu sæl.